


FORELDRAFÉLAG HÚSASKÓLA

skýrsla stjórnar
skólaárið 2019 - 2020



Nú er að ljúka afar sérstöku skólaári, vægast sagt þar sem foreldrasamstarf hefur að mestu leiti verið lamað frá því í mars vegna covid-19 faraldursins.

Hefðbundnir viðburðir félagsins voru á sínum stað í skólastarfinu fyrir áramót en viðburðir vorannarinnar voru ýmist felldir niður eða færðir til haustsins.

Stjórnarfundir voru einu sinni í mánuði eins og áður þar sem fulltrúar foreldra úr skólaráði voru einnig boðaðir sem og skólastjórnendur. Fundargerðir eru ritaðar samviskusamlega á öllum fundum og eru birtar á heimasíðu Húsaskóla undir svæði foreldra. Ég hvet foreldra til að fylgjast með starfinu í gegnum þessar fundargerðir. Okkur hefur fundist mikilvægt er að halda góðri samvinnu milli stjórnar foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Þar er m.a. fjallað um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist einnig almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Fundir stjórnarinnar í apríl og maí voru fjárfundir vegna covid-19 og tókst sú tilraun vel.

Að venju voru haldnir tveir fundir með öllum bekkjarfulltrúum í vetur, í byrjun hvorrar annar þar sem helsta markmiðið er að bekkjarfulltrúar setjist niður með stjórn foreldrafélagsins, farið er yfir hlutverk bekkjarfulltrúa og skiptst á hugmyndum um bekkjarstarfið. Í byrjun haustannar kölluðu bekkjarfulltrúar hvers árgangs saman foreldra á svokallaða foreldrahittinga sem gjarnan eru haldnir í heimahúsi. Á þessum fundum er m.a. gengið frá skráningu í verkefni bekkjarins fyrir skólaárið má þar nefna bekkjarkvöld, foreldrarölt, bingó, jólaföndur og vorhátíð. En þessir fundir eru einnig hugsaðir sem vettvangur þar sem foreldrar geta lagt línurnar varðandi boðun í bekkjarafmæli, afmælisgjafir, tölvunotkun, útivistartíma o.s.frv. en samstaða foreldra er mikilvæg varðandi slík málefni. Þetta stuðlar líka að því að foreldrar kynnist betur fyrir utan það að gott foreldranet getur reynst ómetanlegt þegar á reynir. Bekkjarfulltrúar voru hvattir til að halda annan foreldrafund í byrjun vorannar en misjafnt var eftir árgöngum hvort að af þeim fundi varð. Á haustönn fengum við formann Samfok til okkar með námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, þar var vel mætt og fólki fannst gagnlegt að fá inn fræðsluna.

Við höfum lagt það fyrir aðalfund að greiða félagsgjald í Samfok ár hvert og við munum halda því áfram. Það er mat stjórnar foreldrafélagsins að leggja til á aðalfundi að greitt sé félagsgjald SAMFOK, samtök foreldra grunnskólaforeldra í Reykjavík, þar sem samtökin eru samráðsvettvangur allra foreldrafélaga á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem stjórn SAMFOK skipar

áheyrnarfulltrúa foreldra til setu í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur. SAMFOK styður við foreldrastarf í grunnskólum borgarinnar og leitast við að fá foreldra til að taka virkari þátt í námi og skólagöngu barna sinna. SAMFOK heldur námskeið fyrir bekkjarfulltrúa og fulltrúa foreldra í skólaráði. Námskeiðin eru innifalin í félagsgjaldinu og því ekki greitt sérstaklega fyrir þau.

Samræðuvettvangur foreldrafélags í Grafarvogi kallast SamGraf. Formaður félagsins á sæti í Samgraf og mestu samskiptin þar fara fram í gegnum facebook síðu. Tilgangur samstarfsins hjá SamGraf er m.a. að deila hugmyndum og vera samtakamáttur um skólamál almennt í hverfinu. Einnig gefur þetta samstarf tækifæri til að halda sameiginlega viðburði.

Formenn foreldrafélaganna í Grafarvogi voru kallaðir á fund í Miðgarði í vetur. Þar var m.a. rætt um Grósku og þeirra hugmyndir að fyrirlestrum fyrir foreldra í hverfinu. Formenn félaganna fögnuðu því og ætla að beina foreldrum á þá fyrirlestra í stað þess að hver skóli sé að kosta til fyrirlestra sem fáir mæta á hverju sinni.

Kynning fyrir foreldra barna í verðandi 1. bekk sem hefur verið í maí var færð fram á haust vegna takmarkana á aðkomu foreldra að skólanum vegna covid-19.

Hér á eftir verður gert grein fyrir föstum verkefnum á vegum foreldrafélags Húsaskóla skólaárið 2019 - 2020.

Haustbingó – umsjón 7. bekkur

Haustbingóið var haldið miðvikudaginn 16. október kl. 17:00 til 18:30 á sal Húsaskóla, mæting var mjög góð. Auglýst var í tölvupósti, á facebook hópum og auglýsingar hengdar á veggjum skólans. Afrakstur af sölu bingóspjalda rann í ferðasjóð 7. bekkjar. Bekkurinn sá einnig alfarið um veitingasöluna þ.e.a.s. lagði út fyrir kostnaði og ágóði sölunnar rann einnig í ferðasjóð þeirra fyrir Reykjaferð.

Jólagleði – umsjón 2. og 5. bekkur

Jólagleði var haldin miðvikudaginn 4. desember frá kl. 17:00 - 18:30 á sal Húsaskóla og mæting var ágæt. Auglýsingar voru birtar með sama hætti og fyrir haustbingóið. Viðburðurinn gekk vel. Piparkökur voru skreyttar og hlustað á jólatónlist. Veitingasalan var alfarið í höndum 7. bekkjar sem lagði út fyrir kostnaði og ágóði sölunnar rann í ferðasjóð þeirra fyrir Reykjaferð.

Öskudagur

Við höldum áfram þeirri hefð að dreifa blöðum í hús í hverfinu fyrir öskudaginn þar sem íbúar hverfisins voru hvattir til að taka vel á móti búningaklæddum börnum seinni part öskudags og launa þeim með nammi fyrir fallegan söng. Eins og síðustu ár þá fengu nemendur í 5. bekk það verkefni að dreifa blöðunum í hverfinu og bekkurinn var styrktur af foreldrafélaginu fyrir vinnuna um 30 þúsund krónur fyrir verkefnið og er það hugsað sem fjáröflun þeirra fyrir ferð þeirra í Skólábúðir.

Umræður voru uppi með það eftir öskudag að hætta að bera út blöðin og reyna að stíla inn á rafræna skráningu. Þetta er mikill pappírskostnaður og þykir ekki umhverfisvænt.

Páskabingó – umsjón 1. og 4. bekkur

Páskabingóinu var aflýst vegna covid-19.

Vorhátíð – umsjón 3. og 6. bekkur

Vorhátíðinni var frestað fram á haust vegna fjöldatakmarkana út frá covid-19. Undirbúningur var hafinn og það sem búið var að panta og undirbúa var fært fram á haust.

Fyrirlestur

Í ár ákváðum við að fylgja Grósku og hvetja foreldra til þess að mæta á þeirra fyrirlestra í hverfinu. Með því má spara umtalsverða fjármuni. Gróska ætlar sér að hafa tvo fyrirlestra á ári. Seinni fyrirlesturinn í ár átti að vera í mars en hann féll niður vegna Covid-19.

Foreldrarölt

Foreldraröltið var hvílt í ár. Á fundi formanna í vetur hjá Miðgarði náðist ekki samstaða um það að koma rölti af stað aftur. Við í Húsaskóla höfum reyndar alltaf verið tilbúin að halda úti foreldrarölti í hverfinu en sjáum ekki tilgang í því að eingöngu sé gengið í Húsahverfi en ekki öðrum hverfum Grafarvogs.

Ársreikningur

Innheimta félagsgjalda gekk vel og ákveðið var að halda áfram að innheimta

gjöldin með sama hætti síðustu ár. Reikningar verða því áfram sendir sem greiðsluseðlar án möguleika á dráttarvöxtum og birtast hjá ógreiddum reikningum en ekki undir valgreiðslum. Með þessu fyrirkomulagi höfum við náð um 90% heimtum á gjöldum sem við erum mjög ánægð með. Á síðasta aðalfundi hækkuðum við verkefnasjóðsgjald foreldrafélagsins í 2500 kr. pr. barn. Staða sjóðs okkar er jákvæð og að öðru leyti vísast til ársskýrslu gjaldkera foreldrafélagsins.

Ég vil þakka fyrir gott samstarf í vetur sem og síðustu ár og foreldrastarf í Húsaskóla er til mikillar fyrirmyndar með ykkar þátttöku.

Guðrún Bára Gunnarsdóttir
formaður Foreldrafélags Húsaskóla